

þeim viðhaldið af vegagjaldi suðuramtsins, að frá skildu Reykjavíkur umdæmi.

1863.
10. júlím.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin til eptirbreytni:

Um 1. spurn. að það sæst bæði af ákvörðunum ofangreindrar tilskipunar yfirhöfuð, og einkum af því, hvernig 16. grein hennar er orðuð, að ekki ber að heimfæra tilskipun þessa upp á Reykjavíkur kaupstað, og að bærinn því ekki getur verið skyldur að greiða vegabótagjald það, sem um er rætt í greininni, og

um 2. spurn. að þareð þannig ber að álíta, að tilskipunin eigi verði heimfærð til Reykjavíkur, þá er það vitaskuld, að bærinn verður einn að standast kostnaðinn við alla vegi, sem eru á lóð hans.

54. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

11. júlím.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er stjórnarráðinu bærust með bréfi yðar 16. maím. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt þessum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi úr styrktarsjóði sínum þann fæstyrk, er nú skal greina: Uppgjafapresti Sveinbirni Sveinbjarnarsyni á Staðarhrauni 40 rd.

—	Guðlaugi Sveinbjarnarsyni í Hvammi . .	10 -
—	Jóni Sigurðssyni á Söndum	40 -
—	Stefáni Hanssyni í Fljótshlíðarþingum . .	10 -
prestsekkju	Guðrúnu Þorvaldsdóttur Stephensen í Görðum	10 -
—	Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum	20 -
—	Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti . . .	10 -
—	Steinunni Olafsdóttur á Auðkúlu	20 -
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási	15 -
—	Kristínu Eiríksdóttur á Krossi	10 -
—	Oddnýju Ingvarsdóttur á Laugardalshólum	15 -

Þaraðauki hefir stjórnarráðið veitt Valgerði Johnsen, ógiptri dóttur Jóns heitins Johnsens aðjúnkts, 20 ríkisdala styrk úr hinum sama sjóði.

1863.

11. júlím.

Um leið og þetta er yður hërmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeigendum, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í hyggju að fá styrktarsjóð sinn aukinn svo með fjárlögunum fyrir næstkomanda fjárhagsár, að styrkurinn til uppgjafapresta og prestaekna verði hækkaður frá 200 rdl. til 500 rdl., og fyrir þessa sök eruð þér beðnir að senda stjórnarráðinu hið allrabráðasta, og ef unnt er með pótskipinu tilbaka, skýrslur þær um tölu uppgjafapresta og prestaekna á Íslandi, og um tekjur þeirra, aldur, þörf, heimilishag m. m., sem þér þegar voruð beðnir um í bréfi hëðan dags. 14. októberm. 1859.

11. júlím.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út rit um „homöopathana“ íslenzku.

Í bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, dags 10. febrúarmán. þ. á., hefir Hjaltalín, jústizráð og landlæknir, sótt um, að sèr annaðhvort verði veitt endurgjald fyrir þá 90 rdl., sem hann af eigin efnum hefir varið til að gefa út á prent tvo bæklinga um „homöopathana“ íslenzku, eður að þeir 34 rdl., sem stiðtsprentsmiðjan enn á hjá honum fyrir prentun rita þessara, verði honum upp gefnir, og hefir dómsmálastjórnin í þessu skyni veitt beiðandanum 50 ríkisdali.

Þetta er yður hërmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Hjaltalín jústizráði, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, af því fè, sem er tilfært í fjárlögunum í 9. grein. VI. C.